

**Skólaráðsfundur í Krikaskóla**  
**Haldinn bæði á staðnum og á Google-meet**  
**18. janúar 2022 kl. 8:10-9:00**

Mættir: Þrúður, Lukka, Guðrún Ragna, Berglind, Ólafía, Rósa María og Alexandra.

Dagskrá:

1. Ytra matið. Þrúður fór yfir ytra matið - foreldrar fengu kynningu á því í bréfi frá Menntamálastofnun og svo er skýrslan á heimasíðunni þeirra. Unnið er að umbótaáætlun innan skólans og hófst sú vinna á starfsdegi 3. janúar síðastliðinn. Almenn ánægja er með niðurstöður og þá stöðu skólans sem þar kemur fram.
2. Covid-19 staða mála rædd. Þrúður gerði grein fyrir stöðunni innan skólans - í liðinni viku og það sem komið er af þessari. Ljóst að við höfum að mörgu leiti verið heppin í Krikaskóla. Börnin okkar eru hraust og dugleg að mæta til skóla. Starfsfólk hefur verið meira frá vegna einangrunar og sóttkvíar.
3. Önnur mál.  
Þrúður sagði frá stöðu framkvæmda við skólann. Þar lá allt niðri vegna farsóttar nú á aðra viku. Verkið er á lokametrunum og er að klárast.  
Alexandra spurði um hvort börn væru að hætta í skólanum vegna eineltis en hún hefði heyrt það úti í bæ. Hennar upplifun væri ekki slík í gegnum sín börn. Rætt var um litla hópa, viðfangsefnin sem geta skapast varðandi samskipti og vinnu og/eða viðbrögð skólans. Mikilvægi þess að taka alvarlega og vinna með eineltismál, ef þau koma upp. Þrúður sagði frá að hún væri að vinna að starfsáætlun fyrir skólaráðið og mun senda drög til skólaráðsins. Stefnt að því að hún liggi fyrir áður en næsta skólaár hefst.

Fundargerð skrifaði: ÞH